

GJALDSKRÁ

fyrir kalt vatn á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

1. gr.

Vatnsgjald.

Heimilt er að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

<i>Svæði</i>	<i>Fastagjald kr./matseining/ár</i>	<i>Fermetragjald kr./m²/ár</i>
Reykjavík og Akranes	5.831	226,33
Álftanes	8.488	329,37
Stykkishólmur	7.606	295,13
Grundarfjörður	8.529	375,46
Borgarbyggð og Úthlíð	9.684	426,28

Vatnsgjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignaskrá. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur á fasteign með öðrum mannvirkjum er undanþegið fastagjaldi. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati. Vatnsgjald þetta er miðað við byggingarvísitölu í nóvember 2025 og uppfærast skv. henni í nóvember ár hvert.

Árleg vatnsgjöld mannvirkja í sumarhúsabygðum skulu að lágmarki vera 45.501 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu er heimilt að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningarinnar.

2. gr.

Notkunargjald vatns.

Notkunargjald er 48,54 kr./m³, byggingavatn er 224,17 kr./dag og kalt vatn í heildsölu er 55,19 kr./m³.

Fast gjald sem er háð stærð mælis:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Fast gjald kr./dag</i>	<i>Fast gjald fyrir brunna¹ kr./dag</i>
15 mm	57,79	192,87
20 mm	58,83	193,88
25 mm	75,74	210,79
32 mm	84,87	219,94
40 mm	102,11	237,20
50 mm	124,88	260,00

65 mm	168,44	303,23
80 mm	326,82	462,20
≥ 100 mm	343,59	429,07

¹ Verðlagning byggir á 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gildir fyrir afhendingu vatns í brunn þar sem skráð fasteign er ekki til staðar.

3. gr.

Tengigjöld.

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Orkuveitunnar við lóðarmörk, að inntaksstað mannvirkis sem Orkuveitan hefur samþykkt.

<i>Þvermál inntaks:</i>	<i>32 mm</i>	<i>40 mm</i>	<i>50 mm</i>	<i>63 mm</i>	<i>75 mm</i>	<i>90 mm</i>	<i>110 mm</i>
Tengi-gjald kr.:	380.627	543.942	777.342	1.125.141	1.487.163	1.990.894	2.744.668

Tengigjald fyrir inntök > 110 mm er reiknað út hjá Orkuveitunni.

Ein tengigrind er innifalin í hverju tengigjaldi og fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af tengigjaldi viðkomandi málstærðar.

Byggingavatn og brunnar:

<i>Byggingavatn til og með 50 mm</i>	<i>kr.</i>
Uppsettur byggingavatnskrani ¹	123.850
Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð ófrágengið	107.544
Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð malbik eða steypa	284.283
Uppsettur brunnur fyrir vatnsafhendingu ²	94.355

¹ Gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk.

² Sé sótt um heimæð í brunn þar sem fasteign er ekki til staðar leggur Orkuveitan til brunninn og kemur honum fyrir. Umsækjandi greiðir einnig tengigjald í samræmi við umsóttu stærð.

Tengigjöld fyrir frístundahús:

<i>Staðsetning</i>	<i>Málstærð</i>	<i>kr.</i>
Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	25 mm	1.104.073
Heimæð lögð í sama skurð og samtímis heitavatnsheimæð OR	25 mm	792.921

Þessi verð miðast við heimæð allt að 100 metrum að lengd. Umsækjandi greiðir sérstaklega fyrir klapparbröt.

Önnur tengiþjónusta:

<i>Önnur tengiþjónusta</i>	<i>kr.</i>
----------------------------	------------

Lágmarksgjald fyrir breytingu/færslu heimæða	79.362
--	--------

Heimilt er að falla frá þessu gjaldi þar sem komið er að endurnýjun lagna.

4. gr.

Gjöld skv. 2. og 3. gr. miðast við byggingarvísitölu fyrir nóvember 2025 og uppfærast á 3ja mánaða fresti, að undanskildu gjaldi vegna annarrar tengipjónustu.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast gildi 1. janúar 2026. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1631/2024.

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu sf., 22. desember 2025.

Sólrún Kristjánsdóttir framkvæmdastýra Veitna.

B deild - Útgáfudagur: 29. desember 2025